



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 13. desember 2019

Efni: Fyrirspurn Samfylkingarinnar og Bæjarlistans. NPA samningar

Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar og Bæjarlistans sem lögð var fram á fundi fjölskylduráðs þann 22.nóvember 2019.

1.Hvað er gert ráð fyrir mörgum nýjum NPA samningum í fjárhagsáætlun næsta árs og í þriggja ára áætlun Hafnarfjarðar.

a)Verða gerðir nýir NPA samningar á meðan starfshópur, sem skipaður var á síðasta fundi fjölskylduráðs þann 8. nóv. sl., er að störfum?

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni næsta árið í NPA samninga eins og staðan er núna. Ekki er biðlisti eftir þjónustunni og berist umsóknir verða þær metnar faglega af sérfræðingum sviðsins.

2.Er gert ráð fyrir hækkun taxta samkvæmt kjarasamningi, afturvirk, í fjárhagsáætlun næsta árs?

a)Hvenær mun nýskipaður starfshópur skila af sér tillögum varðandi taxtahækkun vegna starfsmanna NPA samninga? Í upphaflegu erindisbréfi starfshópsins var talað um um vinnu hans skyldi lokið um áramót en nú hefur hópurinn tíma fram í mars til að skila af sér niðurstöðum en þá verður ár liðið frá hækkun á kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun á NPA samningana 1.janúar 2020.

Starfshópurinn hefur tekið til starfa og er lögð áhersla á að hans fyrsta verk verði að koma með tillögur að taxtahækkun vegna tímagjalds starfsmanna NPA samninganna.

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs